

- 38 ráðuneytið setur, skal eftir föngum tryggja það, að sjómönnum verði kennd
8. maí meðferð gúmbjörgunarbáta.
- b. Síðasti málsliður 4. töluliðar D-liðar 34. gr. laganna orðist svo:
Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta, annarra en gúmbáta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

39

L Ö G

16. maí

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal heimilt að innheimta árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, svo sem hér segir.

2. gr.

Fyrir orðið „lögreglustjóra“ í 4. gr. laganna komi: oddvita eða bæjarstjóra.

3. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðið „lögsagnarumdæmi“ í 1. málsl. komi: sveitarfélagi.

b. Fyrir orðið „lögreglustjóri“ í 3. málsl. komi: oddviti eða bæjarstjóri.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skatt þennan skal innheimta með öðrum sveitargjöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 66 24. apríl 1954.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.